



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 12.05.2015
Tilvísun: 201506-0006

Efni: Frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 647. mál

Alþýðusamband Íslands veitti umsögn í málinu er það var lagt fram á síðastliðnu löggjafarþingi, nánar tiitekið sem 12. mál. Umsögn sú, sem er hér eftirfarandi, er hér með ítrekuð:

Upplýsingabylting undanfarinna ára hefur leitt til þess að almenningur hér á landi og erlendis, hefur fengið nauðsynlega vitneskju um grófa misbeitingu valds ákveðinna ríkja, þá sérstaklega hvað varðar persónunjúsnir. Í því samhengi er vert að nefna sérstaklega mál Chelsea Manning og Edward Snowden í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Sagan kennir okkur og ofangreind dæmi sýna að ríki hafa því miður tilhneigingu til misbeitingar valds og jafnvel að snúast gegn borgurum sínum. Því felur frumvarp þetta í sér nauðsynlegan varnagla sem þó vonandi þarf ekki að notast.

Alþýðusamband Íslands telur að það eigi enginn að fara í fangelsi fyrir að segja sannleikann enda sé það lýðræðinu og borgurum alltaf til góða að hafa miklar og réttar upplýsingar. Alþýðusamband Íslands styður því í megindráttum frumvarpið og telur það fela í sér nauðsynlega réttarbót fyrir samfélagið í heild sinni sem og að sjálfsögðu fyrir starfsfólk hins opinbera.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

Halldór Oddsson hdl.
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sæðing 1 • Reykjavík
Sími 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2015.

Félag fréttamanna veitir hér með umsögn um mál nr. 647, frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, í samræmi við ósk um umsögn dagsett 6. maí síðastliðinn.

Að mati Félags fréttamanna er tilgangurinn með þessu frumvarpi góður. Það er gott mál og reyndar nauðsynlegt að styrkja stöðu þeirra sem ljóstra upp málum sem eiga erindi við almenning.

Félagið gerir hins vegar athugasemdir við að ekkert er minnst á slíka vernd til fjölmiðlafólks í frumvarpinu og aðeins tæpt á þeirra hlutverki í greinargerð og athugasemdum. Þar er minnst á lagaákvæði um vernd heimildarmanna og það má skilja flutningsmenn þannig að það ákvæði veiti þeim nægilega vernd.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að það eigi ekki að refsa uppljóstraranum ef hann hefur verið í góðri trú með að upplýsingarnar vörðuðu almenning, þó að dómstólar komist að raun um að svo sé ekki. En hvað ef blaðamaður lendir í þessari stöðu? Hvað ef hann metur að málið eigi erindi við almenning (og maður skyldi ætla að fjölmiðill hafi góða tilfinningu fyrir slíku) en dómstólar ekki? Verður þá hægt að refsa honum (eins og dæmi eru reyndar um)? Að mati félagsins þarf að skýra þetta betur.

Það kemur líka fram í athugasemd við 10. gr. frumvarpsins að uppljóstrarinn fær líka vernd þó að gögnin séu afhent fréttamanni sem ekki starfi á fjölmiðlaveitu. Miðað við það gæti þetta þess vegna verið einhver bloggari. Ef lagagreinin gefur þetta í alvöru til kynna gerum við athugasemdir við það. Það er rauður þráður í gegnum frumvarpið að málið þurfi að eiga erindi við almenning, og aftur eiga fjölmiðlar að geta metið það best, enda fást þeir við það á hverjum degi að meta það um ýmis mál.

Félagið leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri viðbót að vernd fjölmiðlamannsins sem segir frá því máli sem ljóstrað er uppi um verði betur skýrð.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Félags fréttamanna,

Hallgrímur Indriðason, formaður



FJÖLMÍÐLANEFND

Unnur Brá Konráðsdóttir
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2015
Mál nr. 2015-1073 / 0.4

Efni : Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara

Fjölmiðlanefnd vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis frá 6. maí 2015 þar sem óskað var eftir umsögn fjölmiðlanefndar vegna frumvarps til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara (þingskjal 1113 — 647. mál). Málið var áður lagt fram á 141. löggjafarþingi og sendi fjölmiðlanefnd erindi með bréfi dags. 18. febrúar 2013. Í bréfinu vísaði fjölmiðlanefnd til þess að fulltrúi frá fjölmiðlanefnd tæki þátt í stýrihópi um framkvæmd þingsályktunar um afgerandi lagalega sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi, sem mennta- og menningarmálaráðherra hafi skipað. Í ljósi þess að fulltrúi fjölmiðlanefndar tók virkan þátt í starfi stýrihópsins vísaði nefndin til umsagnar Stýrihóps um framkvæmd þingsályktunarinnar hvað frumvarp um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara varðaði. Stýrihópurinn var hins vegar ekki starfandi frá lok árs 2013 þar til nýlega og hefur þar af leiðandi ekki tekið afstöðu til þessa frumvarps. Fjölmiðlanefnd telur því ástæðu til að gera nokkrar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að uppljóstrurum verði veitt aukin vernd. Er það í samræmi við ályktun þings Evrópuráðsins nr. 1916/2010 sem inniheldur tilmæli þingsins til ráðherranefndar Evrópuráðsins um að semja leiðbeiningareglur um vernd uppljóstrara. Þar eru ríki hvött til að yfirfæra fyrirbyggjandi löggjöf og meta hvort hún standist þau lágmarksskilyrði sem ályktað hafi verið um. Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti tilmæli CM/Rec(2014)7 um vernd uppljóstrara. Ráðherranefndin beinir þeim tilmælum til aðildarríkja Evrópuráðsins að til staðar sé kerfi í hverju ríki fyrir sig sem ætlað er að vernda einstaklinga sem eru í sérstöku vinnuréttarlegu sambandi og tilkynna eða ljóstra upp um upplýsingar sem varða ógn eða hættu gegn almannahagsmunum. Tilmælunum fylgja enn fremur leiðbeiningarreglur, áþekkar þeim sem fram koma í ályktun þings Evrópuráðsins nr. 1729/2010.

Í frumvarpi til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara er fjallað um bæði innri og ytri uppljóstrun. Með innri uppljóstrun er átt við miðlun upplýsinga um misgerð til videigandi aðila innan þeirrar starfsemi sem upplýsingarnar varða eða til opinbers eftirlitsaðila á því starfssviði. Hugtakið ytri uppljóstrun tekur síðan til miðlunar upplýsinga um misgerð til annarra aðila en taldir eru upp í 4. tölul. eða til almennings með opinberri tjáningu. Í tilmælum Evrópuráðsins nr. CM/Rec(2014)7 sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tiltekið að ljóst skuli vera hvert og með hvaða hætti innri og ytri uppljóstrun eigi að eiga sér stað. Fjölmiðlanefnd telur að í frumvarpinu vanti umfjöllun um móttöku upplýsinga frá uppljóstrara eða vettvang þar sem uppljóstranir geta farið fram. Þá vantar jafnframt útfærslu á málsmeðferð og hverjar skyldur móttakanda uppljóstrana séu bæði hvað varðar innri og ytri uppljóstranir.

Fjölmiðlanefnd telur einnig að skýra þurfi með hvaða hætti uppljóstrun geti átt sér stað við sérstakar aðstæður er varða hagsmuni ríkisins og borgaranna almennt. Í tilmælum Evrópuráðsins er sérstaklega vísað til þess að reglurnar skuli taka til þess hvort og þá með hvaða hætti uppljóstranir eigi sér stað er varða öryggi ríkisins, varnarmál, utanríkismál ríkisins og á grundvelli allsherjarreglu.


Í 6. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um frávik frá þagnarskyldu. Fjölmiðlanefnd telur að ákvæðið gangi full langt, enda er kveðið á um að engin refsing verði vegna brota á trúnaðar- og þagnarskylduákvæðum laga. Í ákvæðinu er kveðið á um að falla skuli frá saksókn ef miðlun upplýsinga skv. II. kafla laganna brýtur gegn trúnaðar- og starfsskyldum laga nema því aðeins að ríkir almannahagsmunir krefjist málshöfðunar. Er það mat fjölmiðlanefndar að afmarka þurfi með mun skýrari hætti hvort og við hvaða aðstæður heimilt sé að falla frá trúnaðar- og þagnarskyldu í lögum.

Ákvæði um vernd heimildarmanna samkvæmt 25. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 á aðeins við um fjölmiðla sem hlotið hafa leyfi eða skráningu hjá fjölmiðlanefnd. Frumvarpið sem um ræðir tekur til bæði innri og ytri uppljóstrara og er kveðið á um vernd þeirra. Í greinargerð með 10. gr. frumvarpsins segir að í 25. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011 sé að finna ákvæði sem verndar heimildarmenn starfsmanna fjölmiðlaveitna. Þá segir að það ákvæði taki að öllum líkindum yfir afar stóran hóp uppljóstrara sem miðla upplýsingum til fjölmiðlaveitna. Þá er í 10. gr. frumvarpsins lagt til að kveðið verði á um að uppljóstrari eigi jafnframt rétt á nafnleynd ef upplýsingunum er miðlað til fréttamanns *sem ekki starfar hjá fjölmiðlaveitu*. Fjölmiðlanefnd telur að skýra þurfi mun betur samhengi frumvarps til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara og ákvæði um vernd heimildarmanna í 25. gr. laga um fjölmiðla.

Fjölmiðlanefnd vill að lokum benda á að talsverð vinna hefur farið fram við að skoða ýmislegt er varðar vernd uppljóstrara í stýrihópi um framkvæmd þingsályktunar um afgerandi lagalega sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi, sem mennta- og menningarmálaráðherra skipaði. Þá hélt stýrihópurinn m.a. málþing um vernd uppljóstrara sem fram fór þann 22. janúar 2013. Á málþinginu komu fram ýmsar gagnlegar upplýsingar og ábendingar um þætti er varðar löggjöf um vernd uppljóstrara. Þar kom m.a. fram að reynslan í Evrópu sýnir að mál sem höfðuð eru gegn uppljóstrurum varða jafnframt ýmis ákvæði í höfundarlögum og í lögum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Er það mat fjölmiðlanefndar að vinna þurfi frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara mun betur og líta til fleiri þátta, eigi frumvarpið að þjóna tilgangi sínum.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,



Karl Axelsson
formaður



Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland
info@immi.is / http://www.immi.is



Nefndasvið Alþingis

18. maí 2015

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, fagnar því að fram er komið frumvarp til heildarlaga um miðlun upplýsinga og vernd fyrir uppljóstrara.

Í þingsályktun sem samþykkt var í júní 2010 um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis, ályktaði Alþingi fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir um miðlun upplýsinga og vernd fyrir uppljóstrara fellur mjög vel að þeim markmiðum um vernd uppljóstrara sem þingsályktunin og greinargerð með henni kveður á um.

Meðal nýmæla sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér er réttarvernd fyrir starfsmenn einkageirans, en í lögum um starfsmenn hins opinbera er að nokkru leyti kveðið á um að þagnarskylda víki til hliðar þegar um er að ræða ólöglegt athæfi. Í frumvarpinu er kveðið á um allar mikilvægar skilgreiningar sem þurfa að vera til staðar, þar á meðal á hugtakinu uppljóstrari, misgerð, innri uppljóstrun og ytri uppljóstrun o.s.frv.

Þá er í frumvarpinu kveðið á um heildstæða vernd fyrir hvers kyns þáttum sem geta haft kælingaráhrif á þá sem búa yfir upplýsingum um misgerð. Er þar um að ræða vernd gegn starfsmissi eða missi lífsviðurværis, ákveðna vernd gegn málsóknum hafi uppljóstrari verið í góðri trú og vernd gegn annarskonar mögulegum hefndaraðgerðum.

IMMI telur mjög brýnt að löggjöf og vernd fyrir uppljóstrara sé fyrir hendi í einum heildstæðum lögum. Uppljóstrarar geta verið hverjir sem er, í hvaða starfi sem er. Þar sem uppljóstrarar eru ekki tiltekin sérhæfð starfsgrein heldur fólk af öllum stigum þjóðfélagsins er mikilvægt að þeir sem íhuga uppljóstrun hafi á einum stað upplýsingar um réttarvernd og þau skilyrði fyrir því að njóta verndarinnar, sem og upplýsingar um skilyrði fyrir því að upplýsa fjölmiðla og almenning beint frekar en að fara í svokallaða innri uppljóstrun fyrst. Án lagaverndar gæti uppljóstrari þurft að þola hefndaraðgerðir atvinnurekanda, stjórnvalda eða annarra sem hagsmuni hafa af því að upplýsingum sé haldið leyndum. Starfsöryggi viðkomandi og fjárhagslegt öryggi kann að vera í húfi eða traust yfirmanns, samstarfsfélaga og jafnvel vina og fjölskyldu. Þá kann upplýsingagjöfin að varða

skaðabóta- eða refsíabyrgð og í einstaka tilvikum getur líf eða líkamlegt öryggi uppljóstrara og fjölskyldu viðkomandi legið við.

Þegar að er gáð er frumvarp þetta ekki eins róttækt og kann að sýnast við fyrstu sýn enda hljóta flestir að geta tekið undir að greiða eigi götu þeirra sem vilja uppræta spillingu og hverskyns ólýðræðislegt eða ólöglegt athæfi hvort heldur sem er í opinbera geiranum eða einkageiranum. IMMI hvetur allsherjar- og menntamálanefnd til að greiða framgang þessa mikilvæga máls í þinginu.

Stofnunin leggur að lokum til, verði útséð um að málið fái lokaafgreiðslu á þessu þingi, að því verði vísað til stýrihóps menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um afgerandi lagalega sérstöðu á sviði upplýsinga- og tjáningarfrelsi sem vitnað var til hér í upphafi. Stýrihópurinn hefur það á verkefnaskrá sinni að undirbúa frumvörp meðal annars um vernd fyrir afhjúpendur.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson
Framkvæmdastjóri IMMI

Nefndasvið Alþingis
B.t. Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 647. mál.

Vísað er til tölvuskeytis nefndarsviðs Alþingis dags. 6. maí 2015 þar sem laganefnd Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um ofangreint frumvarp.

Laganefndin bendir á að á 141. löggjafarþingi (þskj. 572 – 453. mál) var efnislega sambærilegt frumvarp lagt fram og skilaði laganefndin umsögn þann 8. mars 2013 af því tilefni (sjá meðfylgjandi bréf). Laganefndin ítrekar hér með þau sjónarmið sem koma fram í umsögninni frá 8. mars 2013.

Laganefnd óskar eftir að fulltrúar hennar fái að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis í því skyni að gera nánari grein fyrir athugasemdum sínum og svara eftir atvikum spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Reimar Pétursson hrl.

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2013.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd
uppljóstrara 141. löggjafarþing, þskj. 572 – 453. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpið er nýmæli um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara. Laganefnd telur umrætt ákvæði gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Markmið laganna eru skilgreind í 1. gr. frumvarpsins og eru þríþætt, að upplýsa um eða koma í veg fyrir misgerð, tryggja vernd uppljóstrara og tengdra aðila og stuðla að gegnsæi um upplýsingar er varða almannahagsmuni og eiga erindi til almennings. Í frumvarpinu er misgerð skilgreind með upptalningu athafna eða athafnaleysis sem geta m.a. talist spillt, ógn gegn umhverfi, vanrækslu hirðuleysi eða yfirsjón. Þarna er um að ræða mjög víðtæka skilgreiningu sem getur tekið til hvers kyns athafna án þess að í þeim felist lögbrot eða brot gegn öðrum reglum en geta samkvæmt frumvarpinu réttlætt veruleg frávík frá þagnaskylduákvæðum laga, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Telur laganefnd að þarna geti verið um að ræða alvarlega veikingu á þeim réttindum sem tryggja á með þagnarskylduákvæðum laga og þörf á að skilgreina mun betur hvers kyns misgerðir geti réttlætt frávík. Að sama skapi er ekkert tekið fram um það hvaða upplýsingar það eru sem eiga erindi til almennings, sbr. c-lið 1. mgr. laganna. Svo víðtæk skilgreining á markmiðum laga sem víkja þagnarskylduákvæðum annarra laga er til þess fallin að valda hættu á ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Skilgreining 1. tölul. 3. mgr. á uppljóstrara vísar til þeirra sem miðla upplýsingum, það er í ósamræmi við skilgreint gildissvið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem tekur einnig til þeirra sem hyggjast miðla, gera tilraun til að miðla eða eru grunaðir um að miðla upplýsingum.

Óljóst er í hverju yfirstjórn forsætisráðherra fer samkvæmt 3. gr. ákvæðisins og hvaða réttaráhrif leiðbeiningar ráðherra hafa.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er nægjanlegt til verndar í innri uppljóstrun að uppljóstrari sé í góðri trú. Ekki er tekið fram hvernig trú uppljóstrara skal ákvörðuð en vafinn virðist eiga að falla viðkomandi í hag þrátt fyrir að mögulega hafi verið farið gegn samningsskuldbindingum og lagaákvæðum um þagnarskyldu. Laganefnd bendir á að slík nálgun gæti verið varhugaverð og haft ófyrirséðar afleiðingar. Hið sama gildir um vernd ytri uppljóstrun auk þess sem ekki er fyllilega skýrt hvenær skilyrði stafliða a – f teljast uppfyllt. Þetta getur og leitt til þess að

upplýsingar verði gerðar opinberar þrátt fyrir að engir hagsmunir séu af því og það geti mögulega valdið tjóni. Ástæða er til að skoða nánar hvaða afleiðingar slíkar reglur geti haft.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er vikið verulega frá þagnarskylduákvæðum laga, þó það eigi ekki við um lög um lögmenn. Því er t.d. vikið frá þagnarskylduákvæðum er gilda um skattyfirvöld, lögreglu, endurskoðendur, starfsmenn banka o.s.frv. Svo víðtækt frávik sem byggir á óljósum skilyrðum sbr. umfjöllun að ofan er til þess fallið að hafa ófyrirséðar afleiðingar. Sömu varnaðarorð eiga við um frávik frá samningsskuldbindingum sem kveðið er á um í 8. gr. frumvarpsins.

Síðari ákvæði frumvarpsins er taka til tiltekinnar verndar uppljóstrara vekja ýmsar spurningar en í ljósi þess að fyrri hluta framvarpsins virðist nauðsynlegt að skýra verulega sem aftur getur haft áhrif á það hvaða vernd er fyrir hendi þá verða ekki gerðar athugasemdir við þessi ákvæði að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Laganefnd Lögmannafélags Íslands.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 18. maí 2015

Tilvísun: 2015050762VEL/--

Efni: Frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara

Persónuvernd vísar til tölvubréfs allsherjar- og menntamálanefndar frá 6. maí 2015 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara (þskj. 1113, 647. mál á 144. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að uppljóstrurum, sem miðla upplýsingum um misgerð eða það sem þeir eru í góðri trú um að sé misgerð, verði veitt vernd gagnvart lögsóknum og annars konar aðgerðum.

Persónuvernd ítrekar fyrri umsagnir sínar sem hún hefur áður veitt um efnislega sambærileg frumvörp, sbr. umsagnir frá 8. mars og 13. október 2013, sem sendar voru allsherjar- og menntamálanefnd. Í þeim kom m.a. fram að þegar komið sé á kerfum, sem ætlað er að vernda uppljóstrara, megi telja eðlilegt að skilgreindur sé einhver aðili sem taki við tilkynningum um meintar misgerðir, vegi þær og meti og ákveði viðbrögð. Þá verði að telja eðlilegt að réttindi þeirra sem bornir eru ávirðingum séu skilgreind. Hefur nefndinni nú þegar verið sent afrit af álit nr. 1/2006, um uppljóstranir, frá starfshópi samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB, sem skipaður er fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum ESB og gegnir ráðgefandi hlutverki um túlkun og beitingu tilskipunarinnar. Ítrekar stofnunin þau sjónarmið sem fram koma í álit hópsins og telur hún brýnt að þau séu höfð að leidarljósi við setningu lagaákvæða um þetta efni.

Einnig ítrekar Persónuvernd fyrri athugasemdir sínar varðandi ákvæði frumvarpsins um frávík frá

Þagnarskyldu, sem nú má finna stað í 6. gr. frumvarpsins. Persónuvernd gerir alvarlegar athugasemdir við framangreint ákvæði þar sem kveðið er á um refsileyti gagnvart trúnaðar- og þagnarskylduákvæðum laga. Í ákvæðinu er lagt til að falla skuli frá saksókn ef miðlun upplýsinga skv. II. kafla laganna brýtur gegn trúnaðar- og starfsskyldum laga nema því aðeins að ríkir almannahagsmunir krefjist málshöfðunar. Persónuvernd telur að ákvæðið þurfi að afmarka nánar en eins og það er nú verður það ekki skilið á annan hátt en að t.d. lækna og aðrir heilbrigðisstarfsmenn megi ávallt rjúfa skyldu sína til þagmælsku um hagi sjúklings, sé slíkt trúnaðarrof þáttur í uppljóstrun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Með setningu slíks ákvæðis væri litið fram hjá því að friðhelgi einkalífs manna nýtur verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu felst að löggjafanum ber skylda til að veita einkalífi manna, þar á meðal viðkvæmum persónuupplýsingum, sérstaka lagavernd. Sú ráðagerð sem kemur fram í 6. gr. frumvarpsins, að veita jafn opna og óskilgreinda undanþágu frá refsivernd á friðhelgi einkalífs manna, án frekari lögákvæðinna skilyrða með því að aflétta þagnarskyldu starfstétta sem fjalla um viðkvæmar persónuupplýsingar, samræmist að mati Persónuverndar ekki sjónarmiðum um meðalhóf og færi því í bága við fyrrgreind ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Af tilvísunum í greinargerð frumvarpsins til alþjóðlegar samvinnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins um að uppræta spillingu verður auk þess ekki ályktað að svo langt þurfi að ganga til að ná þeim almennum markmiðum sem stefnt skuli að til að vernda uppljóstrara. Varar Persónuvernd sterklega við því að slík regla sé lögfest.

Þá telur Persónuvernd m.a. að skýra þurfi betur samhengi frumvarpsins við aðra löggjöf sem veitir vernd vegna uppljóstrana, sbr. einkum 25. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 um vernd heimildarmanna og ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, t.a.m. ákvæði um að hinn skráði eigi rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með, og hvaða slíkar upplýsingar koma, sbr. 1. og 4. tölul. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 77/2000.

Persónuvernd leggur að lokum til að nefndin hlutist til um að settur verði á fót starfshópur til að kanna nánar það lagaumhverfi sem nú er til staðar og hvort raunveruleg þörf sé á lagaákvæðum sem þessum og hver reynsla af þeim hefur verið í ríkjum þar sem þau hafa verið sett. Líkt og kemur fram í skýringum við frumvarpið hefur slíkur hópur verið settur á stofn í Danmörku. Telur stofnunin að undirbúningsvinna slíks hóps gæti haft mikla þýðingu til að tryggja vandaða löggjöf á þessu sviði.

Virðingarfyllt


Vigdís Eva Línal

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/DK

Reykjavík, 15. maí 2015

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með tölvupósti allsherjar- og menntamála- nefndar, dags. 6. þ.m., frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 647. mál. Ríkissaksóknari veitti umsögn 18. febrúar 2013 um eldra frumvarp á 141. löggjafarþingi. Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum og verður ráðið að tekið hafi verið að nokkru leyti tillit til fyrri umsagnar ríkissaksóknara.

Um 1. – 5. gr.
Engar athugasemdir.

Um 6. gr.
Í frumvarpinu er ekki kveðið á um hvernig skuli fara með mál opinberra sýslunarmanna sem kunna að falla undir sérstaka stjórnarsýslulöggjöf (stjórnarsýsluviðurlög) eða mál annarra sem teljast vera einkarefsimál. Í þessu sambandi vísast til fyrri umsagnar ríkissaksóknara þar sem eftirfarandi kom meðal annars fram:

„[...] Í öðru lagi brot gegn 230. gr. almennra hegningarlaga um brot opinberra sýslunarmanna gegn þagnarskyldu. Með opinberum sýslunarmanni er átt við mann sem gegnir starfi er opinbera heimild þarf til enda teljist ekki um að ræða brot opinbers starfsmanns í skilningi 136. gr. sömu laga. Í þriðja lagi er um að ræða ýmis brot gegn 228. og 229. gr. almennra hegningarlaga þar sem refsiverð háttsemi lýtur m.a. að því að hnýsast í einkagögn, verða sér úti um ólög- mætan aðgang að tölvugögnum, skýra opinberlega frá einkamálefnum annarra án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi er réttlæti verknadinn o.fl. [...].

[...] Telja má að mál vegna meintra brota gegn 230. gr. almennra hegningarlaga séu fátíð í síðari tíma réttarframkvæmd en falli fremur undir sér- staka stjórnarsýslulöggjöf, þ.e. mál vegna meintra trúnaðarbrotu þeirra sem vinna á grundvelli ýmiss konar starfsleyfa eða þjónustusamninga. Ætla má að þess háttar tilvik séu almennt fremur afgreidd innan viðkomandi stjórnarsýslustofnana án þess að þau komi inn á borð refsivörslukerfisins. Mál vegna meints brots gegn 228. og/eða 229. gr. almennra hegningarlaga (hnýsni, greint frá einka- málefnum o.fl.) getur sá einn höfðað sem misgert er við, sbr. 3. tölul. 242. gr. og IV. kafla almennra hegningarlaga, og er þar um að ræða svokallað einkarefsi- mál (einkamál) sem lýtur málsmeðferðarreglum laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Hin síðast greindu mál eru ekki rannsökuð af lögreglu og koma ekki inn á borð hjá ákærvaldinu. [...].

[...] Enn fremur er nauðsynlegt að hugað verði að [...] varðandi meðferð einkarefsimála, sbr. framangreinda umfjöllun um 228. og 229. gr. almennra hegningarlaga. Hugsanlega kann hlutræn refsileysisástæða fremur að eiga við um þann flokk mála þar sem þau falla utan valdmarka ákærvaldsins og máls- höfðun byggir fremur á einkahagsmunum en almannahagsmunum.“

Um 7. - 8. gr.
Engar athugasemdir.

Um 9. gr.

Óskýrt er hvort embættismenn falli undir ákvæðið. Í þessu sambandi vísast til fyrri umsagnar ríkissaksóknara þar sem eftirfarandi kom meðal annars fram:

„Í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er gerður greinarmunur á starfsmönnum ríkisins sem eru annars vegar skipaðir eða settir í embætti (embættismenn) og hinna sem byggja vinnuréttarsamband á ráðningarsamningi (almennir ríkisstarfsmenn), sbr. 22. og 41. gr. laganna. Athygli vekur að í [9.] gr. frumvarpsins er miðað við hugtakið „ráðningarsamningur“ og kann því að vera unnt að draga þá ályktun að embættismenn falli utan við gildissvið [9]. gr.“

Um 10. – 13. gr.
Engar athugasemdir.

Um 14. gr.
Engar athugasemdir eru gerðar við 1. og 2. mgr.

Í 3. mgr. er eingöngu kveðið á um ráðningarsamninga og verður því ráðið að embættismenn njóti ekki réttarverndar. Vísast nánar til athugasemda vegna 9. gr. frumvarpsins.

Ríkissaksóknari ítrekar ábendingu, sem kom fram niðurlagi fyrri umsagnar um vitnavernd uppljóstrara vegna brota þriðja aðila, svohljóðandi:

„Til viðbótar skal tekið fram að það vekur athygli að í frumvarpinu er ekki kveðið á um sérstaka réttarvernd uppljóstrara ef viðkomandi hefur réttarstöðu vitnis við meðferð sakamáls og ástæða er til að ætla að viðkomandi sæti hefndaraðgerðum vegna uppljóstrunar. Það gæti átt við ef upplýsingar sem ljóstrað væri upp um myndu leiða til þess að lögregla byrjaði rannsókn eða ef sakamál væri höfðað fyrir dómi vegna meintra brota þriðja aðila og uppljóstrari hefði þörf fyrir vitnavernd vegna meðferðar málsins, t.d. nafnleynd. Af þessu verður ráðið að flutningsmenn frumvarpsins telji að nægjanlegt sé að styðjast við almennar reglur laga um meðferð sakamála svo fullnægt sé áskilnaði lokamálsliðar 6.1.3.2. í ályktun Evrópuráðsins nr. 1729 (2010), að því er varðar vitnavernd upplýsingagjafa. Um reglur um nafnleynd vitna við meðferð sakamála vísast til 3. mgr. 65. gr. og 8. mgr. 122. gr. laga um meðferð sakamála sem eru miðaðar við ógn gegn lífi, heilbrigði eða frelslis vitnis ellegar sömu hagsmunum náninna vandamanna vitnis sé stefnt í hættu. Má því ætla að vægara birtingarform hefndaraðgerða vegna uppljóstrunar falli utan ákvæðanna, t.d. uppsögn úr starfi, ólögmæt mismunun eða viðskiptahindranir.“



Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. maí 2015

Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 647. mál.

